

INNIHELDUR MIKILVÆGAR LYFJAUPPLÝSINGAR

Lesið áður en sjúklingi
er gefið blóð

Mikilvægar öryggisupplýsingar



***Í samráði við
Lyfjastofnun***

DARATUMUMAB

Johnson&Johnson

A horizontal teal gradient bar spanning the width of the slide at the bottom.

Í neyðartilviki hafðu samband við:

Nafn læknis/Heilsugæslustöð eða sjúkrahús:

Símanúmer:

SJÚKLINGAR sem fá daratumumab:

Sýnið heilbrigðisstarfsmanni þetta kort ÁÐUR en ykkur er gefið blóð og hafið það á ykkur, meðan á daratumumab-meðferð stendur og í 6 mánuði eftir að meðferð lýkur.

Lesið frekari upplýsingar í fylgiseðlinum

Öryggiskort fyrir sjúklinga vegna daratumumabs

Nafn: _____

Ég er á meðferð með eftirfarandi lyfi:

daratumumab mótefni til meðferðar á mergæxli eða léttkeðjumýlildi.

Ég hætti að nota lyfið / /

Ágæti heilbrigðisstarfsmaður

Daratumumab truflar blóðflokkun (í minniháttar blóðflokka) og getur þess vegna tafið ákvörðun um hvaða gjafablóð er öruggt að gefa sjúklingnum. Við mótefnaskimun og krosspróf getur óbeint Coombs próf (óbeint andglóbúlínpróf [IAT]) sýnt jákvæða niðurstöðu jafnvel þó að mótefni gegn minniháttar mótefnavökum séu ekki til staðar í blóði sjúklings. Þetta getur gerst í allt að 6 mánuði eftir síðasta skammt. Einnig getur verið að mótefni gegn minniháttar mótefnavökum greinist ekki þó þau séu til staðar. Blóðbankar geta beitt aðferðum til að auka áreiðanleika prófanna. Við pöntun á blóðgjöf er einnig mikilvægt að miðla upplýsingunum á þessu korti til blóðbanka.

Ákvörðun á ABO og Rh blóðflokki sjúklingsins
verður ekki fyrir áhrifum.

Ef grípa þarf til blóðgjafar í neyð má gefa ABO/RhD samrýmanleg rauð blóðkorn, sem ekki eru krossprófuð, í samræmi við starfsvenjur blóðbankans.

Frekari upplýsingar um lyfið sjá: www.serlyfjaskra.is. Styðjist við eftirfarandi heimild ef þörf er á frekari upplýsingum um hvernig má koma í veg fyrir að daratumumab truflí samræmingarpróf: <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/trf.13069/epdf>

Hafið samband við Vistor ehf., umboðsmann fyrirtækisins á Íslandi, ef óskað er eftir sérstöku fræðsluefni fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Sími: 535 7000, Netfang: janssen@vistor.is.

Áður en meðferð með daratumumabi hófst voru niðurstöður
blóðsýna sem tekin voru _____ / _____ / _____ :
DD MM ÁÁÁÁ

Blóðflokkur: ☐A ☐B ☐AB ☐O ☐Rh+ ☐Rh-

Óbeint Coombs próf (skimun fyrir mótefnum) var:

☐Neikvætt ☐Jákvætt fyrir eftirfarandi mótefni:

Annað: _____

Upplýsingar um stofnun þar sem blóðprófin voru gerð:
